



Veiðifélag Eystri-Rangár  
Móeiðarhvoli 2  
861 Hvolsvöllur

Reykjavík, 8. janúar 2021  
UST202012-028/H.R.A.  
08.12.02

### Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 4. desember sl. þar sem stofnunin áformaði að áminna rekstraraðila vegna fráviks er fram kom í eftirliti stofnunarinnar í fiskeldisstöð Veiðifélags Eystri-Rangár, Eyjarlandi þann 22. september sl. Frestur var veittur til 18. desember sl. til að skila inn staðfestingu á úrbótum eða tímasettri úrbótaáætlun.

### Frávikið er eftirfarandi:

1. **6. grein laga 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Rekstraraðili starfrækir rekstur í stöðinni án starfsleyfis en hjá Umhverfisstofnun er fyrirbyggjandi ófullnægjandi umsókn um starfsleyfi. Umhverfisstofnun sendi rekstraraðila upplýsingar, með tölvupósti þann 20. október sl., þar sem leiðbeint var um þau gögn sem uppá vantar til að hægt sé að telja umsókn rekstraraðila um starfsleyfi fullnægjandi en engin frekari gögn hafa borist stofnuninni frá rekstraraðila.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreinds fráviks til 18. desember sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 22. janúar nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áformaðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.



**UMHVERFIS**  
STOFNUN

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 34.980 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Helgu Rut Arnarsdóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á [helga.arnarsdottir@ust.is](mailto:helga.arnarsdottir@ust.is). Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið [ust@ust.is](mailto:ust@ust.is).

Virðingarfyllst

Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Helga Rut Arnarsdóttir  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Suðurlands